

UFA

Til : Ellert Örn Erlingsson
Frá : UFA
CC : reimar ;unnarv
Heiti : Frá UFA og Þór
Málsnúmer : 2018030340
Málsaðili : Íþróttafélagið Þór
Skráð dags : 30.6.2021 10:45:02
Höfundur : UFA

Sæll Ellert

Þessi póstur er sendur í framhaldi af fundi okkar fimmtudaginn 24/6 sl. Um þessar mundir er verið að vinna hugmyndavinnu að uppbyggingu athafnasvæðis Þórs og UFA til framtíðar. Í þeirri vinnu er m.a. verið að skoða uppbyggingu og skipulag mannvirkja sem gæti með sóma hýst frjálsar íþróttir innanhúss sem utanhúss og á sama tíma nýst bæjarbúum til eflingar lýðheilsu. Einnig er verið að skoða skipulag búningsklefa, félagsaðstöðu og annað sem þarf að vera til staðar svo að allar deildir Þórs og þeir aðilar sem hafa sína aðstöðu á svæðinu geti stundað sína íþrótt. Einnig hugum við að í þessari vinnu hugsanlegar sameiningar sem gætu orðið á næstunni og hvernig væri hægt að koma þeim fyrir hjá okkur. Þess vegna biðjum við bæjaryfirvöld um að bíða með að ákveða framkvæmdir á svæðinu norðan Skarðshlíðar þar sem kastsvæðið er á núverandi skipulagi og á Melgerðisás. Áætlað er að klára þessa vinnu eigi síðar en haustið 2021 og kynna þá fyrir bæjaryfirvöldum.

Með þessu bréfi óskum við eftir að ekki sé þrengt um of að svæði Þórs og UFA með íbúabyggð áður en þessi hugmyndavinna hefur verið kláruð og kynnt. Við minnum á stefnu bæjarins um að sameina íþróttafélög, helst saman við stóru félögin Þór og KA. Svo að sú framtíðarsýn megi rætast þarf að vera landssvæði til vaxtar fyrir meiri og fjölbreyttari starfsemi á þessu svæði.

Samstarf UFA og Þórs gengur mjög vel á langflestum sviðum og langar okkur til að efla það til framtíðar. Eitt vandamál er að kastsvæði fyrir sleggjukast og kringlu hjá UFA er á fótboltavelli Þórs og hefur það valdið núningi milli aðila því sleggjur og kringlur geta gert skemmdir í völlinn þegar þær lenda - sérstaklega á vorin þegar hann er viðkvæmur eftir veturinn. Ein leið til að bregðast við þessu er að færa kastsvæði UFA yfir á túnið norðan við Skarðshlíð a.m.k. tímabundið. Þar er nú æfingakastvöllur en hann uppfyllir ekki skilyrði til að vera löglegur keppnisvöllur á stórmótum. Til að breyta því þyrfti að stækka hann og slétta (þarf að vera a.m.k. 80 metra slétt kastsvæði) sem og færa kastbúrið þangað og girða svæðið af (2 m há girðing) til að tryggja öryggi vegfarenda. Verði þetta gert myndi þetta svæði nýtast einnig til annarra æfinga sem upphitunavöllur o.fl. Kastsvæði yrði áfram á aðalvöllinum en þá fyrst og fremst fyrir kringlukast á mótum fyrir yngri flokka.

Einnig viljum við nefna að síðan rafíþróttadeild Þórs var sett á miðhæð í stúkunni hefur UFA ekki lengur aðgengi innanhúss að geymslu í suðurenda þar sem ýmis búnaður er geymdur en notaður t.d. á mótum. Staðan er þannig núna að UFA þarf að biðja húsvörð um að opna inn á þetta svæði með kóða (enda dýr búnaður þarna á vegum rafíþróttadeildar). Svo þarf að taka búnað UFA út um glugga í snarbrattri brekku við suðurenda stúkunnar (slysaþætta í bleytu). Væri mögulegt að saga niður úr þessum glugga, setja hurð á vegginn og loka inn á svæði rafíþróttadeildar? Einnig þyrfti að setja tröppur við hurðina svo ekki sé verið að bera þungan búnað í snarbrattri grasbrekku.

Látum þetta duga í bili,
Með vinsemd og virðingu fyrir hönd Þórs og UFA

Reimar og Jóna